



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

30. apríl 1992
Halti Franzson

KRAFLA

Borun 3. áfanga holu KG-26

Ásgrímur Guðmundsson, Hjalti Franzson
Ómar Sigurðsson, Sigurður Benediktsson
Jósef Hólmjárn og Dagbjartur Sigursteinsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-92009/JHD-03 B

Febrúar 1992



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630662

KRAFLA

Borun 3. áfanga holu KG-26

Ásgrímur Guðmundsson, Hjalti Franzson
Ómar Sigurðsson, Sigurður Benediktsson
Jósef Hólmjárn og Dagbjartur Sigursteinsson

Unnið fyrir Landsvirkjun

OS-92009/JHD-03 B

Febrúar 1992

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. BORSAGA	3
3. MÆLINGAR	15
4. ÞREPADÆLING	17
5. JARÐLÖG OG UMMYNDUN	23

TÖFLUSKRÁ

1. Fóðrunarskýrsla 9 5/8" fóðringar	5
2. Hallamælingar í KG-26	7
3. Gangur borunar	9
4. Mælingar á skoli í borun	9
5. Fóðrunarskýrsla 7" fóðringar	13
6. Mælingar í 3. áfanga KG-26	15
7. Stefnumælingar í holu KG-26	16
8. Dæluprófun - Nemi á 1400 m dýpi	17
9. Dæluprófun - Nemi á 500 m dýpi	18
10. Dæluprófun - Nemi á 500 m dýpi	19
11. Dæluprófun - Nemi á 1400 m dýpi	19
12. Dæluprófun - Nemi á 1400 m dýpi	22

MYNDASKRÁ

1. Borun holu KG-26	25
2. Hitamælingar fyrir 3. áfanga	26
3. Hitamælingar vegna fóðringarsteypinga	27
4. Mælingar á steypugæðum vegna 9 5/8" fóðringar	28
5. Hitamælingar vegna krónuskipta	29
6. Hitamælingar í stöngum	30
7. Stangarbarot mælt	31
8. Mælt inn í stöngum	32
9. Stangarbrot mælt	33
10. Einfaldað jarðlagasnið og skolmælingar	34
11. Kæling og upphitunarmælingar	35
12. Hitamælingar í stöngum	36
13. Hitamælingar í stöngum	37
14. Hitamælingar fyrir fóðringu	38
15. Hitamælingar við borlok	39
16. Halli holu KG-26	40
17. Halli og stefna holu KG-26	41
18. Jöfnun þrýstings	42
19. Þrepaðæling	43
20. Ádæling í þrepaðælingu	44
21. Jarðlög, dreifing ummyndunarsteinda og berghiti	45
22. Einfaldað jarðlagasnið og jarðlagamælingar	46

1. INNGANGUR

Hola KG-26 var boruð á sumarmánuðum niður á 1210 m dýpi og hefur verið gerð grein fyrir því verki í bráðabirgðaskýrslum um fyrsta og annan áfanga. Í stuttu máli var fylgt verklýsingu, sem gengið var frá þá um vorið (OS-91020/JHD-07 B). Holan var höggboruð niður á 62 m dýpi sumarið 1990. Gufuborinn boraði síðan holuna áfram í júní og júlí 1991. Borað var fyrir 340 mm (13 3/8") öryggisfóðringu niður á rúmlega 415 m dýpi (miðað við flans) með 444 mm (17 1/2") krónu. Síðan var vinnsluhlutinn boraður með 311 mm (12 1/4") krónu og settur niður 178 mm (7") raufaður leiðari.

Gert var ráð fyrir þeim möguleika við upphaflega hönnun holunnar að hún yrði dýpkuð. Fóðringaáættun var miðuð við 2000 - 2200 m djúpa holu. Ekki þurfti annað að gera en að taka leiðarann upp og setja niður 9 5/8" fóðringu og steypa hana. Þá væri holan tilbúin fyrir borun niður í neðra Leirbotnakerfið.

Aðdragandi dýpkunar var nokkru skjótari en reiknað var með í upphafi. Eftir að holunni var hleypt upp í byrjun september þá var fljótlega ljóst að hún var frekar rýr að afli og því ljóst að ekki var eftirsóknarvert að nýta hana eins og hún var. Til að hafa vaðið fyrir neðan sig var holan látin blása í tæpa tvo mánuði og fylgst reglulega með afli og sýni tekin af vökvanum. Eftir þennan stutta blástur þótti fullvíst að eftir litlu væri að slægjast úr efrihluta Leirbotnakerfisins á þessum stað. Þá komu fram hugmyndir um að ekki væri eftir neinu að bíða með að dýpka holuna. Ákvörðun þar um var tekin í seinni hluta októbermánuðar, enda lágu þá fyrir allar nauðsylegar upplýsingar um efri hlutann.

Borun vinnsluhluta holu KG-25 var höfð til hliðsjónar við verklýsingu holu KG-26 og gerðar nauðsynlegar úrbætur þar á. Þar ber helst að nefna, að settar voru fleiri álagsstengur í strenginn til þess að geta aukið borhraðann þegar það ætti við.

Á mynd 1 er sýnt hvernig borun holu KG-26 gekk ásamt áætlun um borverkið.

2. BORSAGA

Starfsmenn Jarðboranna h.f. komu í Kröflu þriðjudaginn 5. nóvember og hófust strax handa við flutning borsins á holu KG-26. Unnið var við flutning fram á laugardag, en þá var mastur borsins reist. Á hádegi sunnudagsins 10. nóvember voru vaktir settar á og undirbúin upptekt 7" leiðarans. Illvinnandi var vegna norðanvinds og snjókomu fram eftir degi og síðan óvinnufært um kvöldið fram á nótt vegna stórviðris. Undir morgun mánudagsins 11. nóvember var fest í leiðaratoppinn og fór dagurinn í það að taka upp. Rörin voru mjög föst saman og gekk erfiðlega að skrúfa þau í sundur og fór svo að nokkur þeirra skemmdust á endum. Í efstu 10 rörum var þunn kalkútfellingakápa, 1-2 mm, en þar fyrir neðan var fóðringin hrein. Útfellingin var merkjanlega þykkari í 10. röri heldur en í því efsta. Eftir að fóðringin var komin upp var holan hitamæld (mynd 2).

Undir miðnætti var undirbúin niðursetning 9 5/8" fóðringar, en vegna veðurs komst aðeins eitt rör ásamt fóðringarskó af stað. Allan þriðjudag geisaði hvassviðri og norðanstórhrið og var nánast óvinnufært. Í hléum tókst að koma niður fjórum rörum. Á miðvikudeginum var gjör-samlega óvinnufært vegna veðurs, en upp úr miðnætti gekk veður niður. Allan fimmtudaginn var unnið við niðursetningu fóðringar auk þess sem snjó var mokað frá tækjum og sementi var blandað á tanka. Fóðringin var komin í holuna undir morgun föstudagsins 15. nóvember. Í beinu framhaldi voru settar niður borstangir og var búið að tengja þær við stungustykkið skömmu eftir miðnætti. Aðfaranótt laugardagsins var unnið við að blanda sementi á tankana. Frá því um morguninn fram yfir hádegi var steyping undirbúin. Klukkan 15:22 bar byrjað að

steypa og stóð steypingin yfir í tæpa klukkustund. Eftirdæling hófst kl. 16:20 og var hætt eftir 9 mínútur, þar sem þrýstingur á dælu var kominn upp í 1400 psi. Meðalafköst dælnnar voru tæpir 18 l/s og eðlisþyngd steypunnar var um 1,60 g/sm³. Alls var steyp t úr 65 tonnum af G-sementi.

Mikið skoltap var í holunni og kom ekkert upp meðan á steypingunni stóð og var erfitt að meta hvar líklegt steypuborð væri, þar sem steypan var farin að stirðna í seinni hluta eftirdælingar. Til að fá upplýsingar um steypuborðið var látið leka á holuna utan fóduringar og hitamælt um leið. Á þann hátt mátti sjá að minnsta kosti neðstu lekastaði og hugsanlegt steypuborð. Mælingarnar voru gerðar aðfaranótt sunnudagsins 17. nóvember (mynd 3). Í framhaldi af hitamælingum var CBL-mælt og fundið efra borð steypu (mynd 4). Neðsti lekastaður var á 530 m dýpi en steypuborð reyndist vera á tæplega 570 m dýpi. Þetta var óhagstætt fyrir næstu steypingu, því æskilegast hefði verið að hafa neðsta lekastað fast við efra borð steypunnar. Ákveðið var að dæla á holuna undir þrýstingi, utan fóduringar, í þeirri von að opna æð niðri við steypuborð. Á sama tíma og dælt var á holuna var fylgst með áhrifum dælingarinnar með hitamæli innan í fóduringu. Aðgerðin heppnaðist eins og hitamælingar á mynd 3 sýna.

Steyping milli fóduringa var næst undirbúin. Klukkan 17:20 var byrjað að steypa og til að byrja með var dælt niður G-sementblöndu með eðlisþyngd um 1,62 g/sm³, en þegar G-sementið þraut var notað portlandsement. Eðlisþyngd portlandssteypunnar var 1,73 g/sm³. Steypingu var lokið kl. 18:00 og höfðu þá verið notuð 23 tonn af G-sementi og 16 tonn af portlandi, eða samtals 39 tonn. Tveimur tímum síðar var steyp t í þriðja sinn, í þeim tilgangi að fylla upp í það rúmmál sem steypan hafði sigið. Steypingin tók innan við eina mínútu og var þá búið að fylla upp milli fóduringa. Allar nánari upplýsingar er að finna í fódrunarskýrslu í töflu 1. Bormenn unnu við frágang á holutoppi fram eftir nóttu, þ.e. þeir losuðu öryggisventla af, komu fyrir slíf og settu holulokann á. Undir hádegi mánudagsins 18. nóvember var holan hita- og CBL-mæld og eru niðurstöður mælinganna sýndar á myndum 3 og 4. Samkvæmt CBL-mælingum hefur steypingin tekist mjög vel og sjást nánast engin skil í steypustyrkleika á mótum fyrstu og annarar steypingar á 570 m dýpi. Að því búnu voru öryggislokar settir á og stangir settar niður í holu. Bormenn fóru í frí seinnipart þriðjudagsins 19. nóvember. Þess ber að geta að veðráttan var mjög óhagstæð allri framkvæmd í þessu úthaldi. Til að byrja með geysuðu norðan stórviðri þannig að hundi var vart út sigandi. Þegar veður lögði brast á með miklum frosthörkum, sem voru á bilinu -15 til -20 °C. Verulegar tafir urðu af þessum sökum. Meðan snjókoman og skafrenningurinn stóðu yfir þá fór mikill tími í snjómokstur bæði til að komast á staðinn svo og á staðnum til að komast að tækjum og verkfærum. Þegar frosthörkurnar gengu yfir þurfti að ganga um allt með spúandi gaslogum til að þjóa hluti og losa þá hvora frá öðrum, til að koma vélum í gang og hita nánast allt það er verkfærum var beitt á. Ekki er fjarri lagi að þessi hluti borverksins hafi tekið um tvöfalt lengri tíma en búist var við vegna erfiðra veðurskilyrða.

Tafla 1. Fóðrunarskýrsla 9 5/8" fóðringar.

ORKUSTOFNUN
JARÐBORANIR RÍKISINS

FÓÐRUNARSKÝRSLA

Dofra

VERK NR. 660-830	HOLA NR. KG-26	BORSTADUR Krafla	VERKKAUPI Landsvirkjun
VIÐD HÖLU 12 1/4"	DÝPT HÖLU 1210	FÓÐRING NR. 3-B	FÓÐRUN FRAMKV. DAGS. 1991.11.11.-19
			ÚTFYLLT 1991.11.19. D.Sig.

FJARLÆGD KJALLARABRÚN - KRAGI		2,60 m	
FÓÐRING	PVERM. UTAN 9 5/8"	INNAN 220,5 mm	
	GERÐ K-55	PYNGD 47	lbs/ft
	TENGI	Skrúfuð Buttress	
	NOTAÐ	1202,62 m	FRÁ KRAGA 1197,76m
	KRAGI (FLANGS) í slíf 55 cm undir Kraga		
	SKÓR Float Shoe + Float Collar		
	MÍÐJUST.	24 stk.	STEYPUT. 0 stk.
STEYPING	SEMENT G-blanda 40 %	64500	kg
	SEMENT		kg
	ÍBL.EFNI		kg
	ÍBL.EFNI		kg
	TAFÆFNI	kg	EÐLISP. STEYPU 1.61
	STEYPUTÆKI	Jett mixari	
	STEYPINGARTÍMI	58 mín	
	EFTIRDÆLING. MAGN	5640	1 TÍMI 10 mín
	STEYPA KOM UPP	<input type="checkbox"/> JÁ	<input checked="" type="checkbox"/> NEI
	DÝPI Á STEYPU UTAN RÖRA	580 m	
	FRÁGANGUR	STEYPT UTAN MEÐ EFTIR	24 h
SEMENT		41060 kg	ÍBL.EFNI G bl.40% kg
SKORIÐ OFAN AF EFTIR		28 h	
STEYPA BORUÐ EFTIR		ca. 6 - 8 sólarhringa	
DÝPI Á STEYPU Í RÖRI		ca. 1165 m	
VERKTÍMI RÖR	STEYPA	TOPPUR	TAFIR ALLS
h 28,5	3,0	23,0	52,0 ca.197,0
ATH. Efri endi rors er í 3 m. slíf sem hangir í flansi ofan á holuflansi.			
Steypan stírðnaði áður en eftirdælingu lauk.			
Steypt var utanmeð úr 39000 kg og aftur 2 kl. seinna úr 2000 kg. Góð steypa upp að slíf.			
Skýrslan er gerð áður en steypa er boruð úr.			

RÖRATALNING		
LENGD	NR ¹⁾	ALLS m
6,19	1	6,74
13,30	2	20,04
13,12	3	33,16
13,13	4	46,29
13,18	5 X	59,47
13,15	6	72,62
13,08	7	85,70
12,98	8	98,68
13,35	9 X	112,03
13,33	10	125,36
13,18	11	138,54
13,13	12	151,67
12,67	13 X	164,34
13,10	14	177,44
12,74	15	190,18
13,32	16	203,50
13,07	17 X	216,57
11,70	18	228,27
13,23	19	241,50
12,93	20	254,43
13,16	21 X	267,59
12,83	22	280,42
13,02	23	293,44
13,27	24	306,71

05.82.20x30FDH

1) X=MÍÐJUSTILLAR. ÁVALLT ER TALID FRÁ FLANGSI EDA UPPHENGJU

Tafla 1 frh. Fóðrunarskýrsla 9 5/8" fóðringar.

 ORKUSTOFNUN
JARÐBORANIR RÍKISINS

FÓÐRUNAR SKÝRSLA (frh.)

Dofra

VERK NR.	HOLA NR.	BORSTADUR	FÓÐRING NR.	BLS.
660830	KG-26	Krafla	3-B	2

RÖRATALNING		
LENGD	NR	ALLS m
13,26	25 X	319,97
13,05	26	333,02
12,90	27	345,92
13,18	28	359,10
13,05	29 X	372,15
12,98	30	385,13
13,24	31	398,37
11,96	32	410,33
13,19	33 X	423,52
13,17	34	436,69
13,22	35	449,41
13,12	36	463,03
13,02	37 X	476,05
12,91	38	488,96
12,52	39	501,48
13,23	40	514,71
13,06	41 X	527,77
13,03	42	540,80
12,91	43	553,71
13,07	44	566,78
13,25	45 X	580,03
13,19	46	593,22
12,95	47	606,17
13,16	48	619,33
13,21	49 X	632,54
13,08	50	645,62

RÖRATALNING		
LENGD	NR	ALLS m
12,80	51	658,42
13,02	52	671,44
13,33	53 X	684,77
13,10	54	697,87
13,34	55	711,21
13,25	56	724,46
13,20	57 X	737,66
12,37	58	750,03
13,00	59	763,03
13,23	60	776,26
13,13	61 X	789,39
13,10	62	802,49
13,21	63	815,70
13,23	64	828,93
13,25	65 X	842,18
13,32	66	855,50
12,96	67	868,46
12,97	68	881,43
13,35	69 X	894,78
12,98	70	907,76
13,35	71	921,11
13,12	72	934,23
13,04	73 X	947,27
12,98	74	960,25
13,21	75	973,46
13,05	76	986,51

RÖRATALNING		
LENGD	NR	ALLS m
13,02	77 X	999,53
13,15	78	1012,68
13,09	79	1025,77
12,85	80	1038,62
13,28	81 X	1051,90
13,21	82	1065,11
13,05	83	1078,16
13,26	84	1091,42
13,17	85 X	1104,59
13,20	86	1117,79
13,13	87	1130,92
13,15	88 X	1144,07
13,13	89	1157,20
13,07	90 X	1170,27
0,61	Float Collar	1170,88
13,10	91	1183,98
13,25	92 X	1197,23
0,53	Float Shoe	1197,76

Sunnudaginn 24. nóvember komu bormenn í Kröflu eftir frí. Eftir að bortækið var komið í gang var holan kæld í gegnum stangir, sem höfðu verið settar niður í holu í lok síðasta úthalds. Búið var að kæla og taka strenginn upp að morgni mánudags og þá var umsvifalaust byrjað að setja niður 211 mm krónu. Borstrengurinn var uppbyggður sem hér segir: 211 mm (8 1/2") króna af gerðinni HPSM, krónutengistykki, krónustýring, álagsstöng, strengstýring, 15 álagsstangir, "cross-over" tengistykki og borstangir. Þegar komið var niður á 884 m dýpi var byrjað að kæla á undan krónu. Á 1173 m dýpi var komið niður á steypu. Eftir tæplega fjögurra tíma borun var komið niður í gegnum fóðringarskóinn, en skömmu áður voru öryggislokar prófaðir.

Byrjað var að bora í berg milli kl. 7 og 8 að morgni þriðjudagsins 26. nóvember. Dýpið var þá 1210 m. Borað var með 10-13 tonna álagi niður á 1472 m dýpi. Hallamæling, sem þá var gerð sýndi 5° halla frá lóðréttu og hafði hallinn aukist um 1,8° frá 1300 m dýpi niður í 1450 m dýpi. Ákveðið var að minnka álagið niður í 2-3 tonn í þeirri viðleitni að rétta holuna af. Á 1500 m dýpi var álagið aukið í 4 tonn. Þessi minnkun álags leiddi til minnkunar í borhraða úr 5-10 m/klst í 1-2 m/klst. Hallamæling í 1500 m sýndi minnkandi halla eða 4,3° og á 1550 m dýpi var hallinn kominn niður í 3,7°. Tafla 2 sýnir hallabreytingar niður alla holuna, en að jafnaði var holan hallamæld á um 100 m fresti og ákvarðanir um álag á krónu fóru mikið eftir niðurstöðum hallamælinga.

Tafla 2. Hallamælingar í KG-26.

Dýpi (m)	Dýpkun (m)	Halli (°)	Frávik (m)	Frávik frá lóðlínu (m)
150,00	150,00	1,00	2,6	2,6
300,00	150,00	1,10	2,8	5,4
450,00	150,00	1,00	2,6	8,0
550,00	100,00	1,70	2,9	10,9
650,00	100,00	1,20	2,0	12,9
750,00	100,00	0,50	0,8	13,7
850,00	100,00	0,20	0,3	14,0
1000,0	150,00	1,70	4,4	18,4
1175,0	175,00	2,60	7,9	26,3
1300,0	125,00	3,20	7,0	33,3
1450,0	150,00	5,00	13,1	46,4
1500,0	50,00	4,30	3,8	50,2
1550,0	50,00	3,70	3,2	53,4
1600,0	50,00	4,60	4,0	57,4
1700,0	100,00	5,00	8,7	66,1
1800,0	100,00	5,90	10,3	76,4
1900,0	100,00	6,20	10,8	87,2
2000,0	100,00	*6,50	11,3	98,5
2127,0	127,00	*6,90	15,3	113,8

*Áætlaður halli

Borað var áfram niður á 1624 m dýpi með svipuðu álagi, en er þangað var komið var hallamælt í 1600 m dýpi og sýndi mælingin hallaaukningu á ný og var hallinn kominn í 4,6°. Þegar litið var yfir farinn veg þá var það ljóst að erfitt myndi reynast að koma holunni í sem næst lóðrétt horf með óbreyttum aðferðum. Hugsanlegar ástæður fyrir þessum vandamálum voru hallandi jarðlög og sprungur eða þá að stýringar í strengnum væru uppslitnar. Því var ákveðið að taka strenginn upp úr holunni til að fækka álagsstöngum um fjórar, setja þriðju stýringuna milli 4. og 5. álagsstangar (læsa strengnum) og skipta um borkrónu. Með þessum breytingum vonuðust menn til að geta borað niður á um 2100 m dýpi með viðunandi álagi og haldið halla

holunnar innan við 5°. Borun var stöðvuð að sinni á 1629 m dýpi og farið að huga að upptekt.

Holan var hitamæld áður en strengurinn var tekinn upp og síðan á nýjan leik áður en borstrengur var settur aftur niður (mynd 5). Í seinni mælingunni settist mælirinn á 1470 m dýpi vegna hruns eða skápamyndunar. Hitamælingin inn í stöngum sýndi að holan kældi sig niður undir botn og mælingin í opinni holu sýndi kælingu að minnsta kosti í 1470 m, þar sem mælirinn settist. Það tók rúman sólarhring að taka upp, mæla og setja niður á ný til borunar. Krónan var nánast ónýtt eftir 134,5 tíma borun og ennfremur voru stýringarnar mjög slitnar. Í niðurstöðum þurfti að rýma niður í gegnum fóðurrör nr. 77, sem er um 13 m langt og efri endi þess á rúmlega 1004 m dýpi, og kemur það meira við sögu síðar. Á 1470 m varð vart við hrun og þar var byrjað á því að kæla á undan krónu. Rýma þurfti neðstu 10 metrana áður en komið var niður á botn.

Borun með krónu af gerðinni HP-MH hófst á ný þriðjudaginn 3. desember kl. 17:45. Framan af var borað með 6-9 tonna álagi, sem fljótlega var aukið upp í 7-10 tonn neðan 1720 m dýpis. Reynt var að haga borun á þann veg að auka álagið í mikilli hörku og minnka það er linaðist og halda þannig jöfnun borhraða. Hallamælt var reglulega á um 100 m fresti. Klukkan 5:30 á sunnudeginum 8. desember varð vart við gat á stöng þegar þrýstingur á dælu féll um 100-200 psi og var dýpið þá 1943 m. Áður en tekið var upp var hitamælt inn í stöngum (mynd 6). Tilgangurinn var eins og venjulega að finna neðsta lekastað, en auk þess að freista þess að sjá hvar skaddaða stöngin gæti verið. Eins og sést á mynd 6 þá er ákveðin hitabreyting á 985-990 m dýpi og er breytingin sýnd enn nákvæmar á mynd 7. Gatið eða rifan var staðsett nánar með CCL-mæli, sem er innibýggður í hitamæliprópunum, og ákveðið nákvæmlega hvaða stöng skaddaðist og hvar rifan var á henni eða rétt neðan við samskeyti. Nákvæmlega reyndist brotið vera um 1 m neðan við samskeyti á 986 m dýpi og var hún sundur til hálfis. Þar sem mælingin var það áreiðanleg þótti ekki ástæða til að taka allan strenginn upp heldur var brotnu stönginni skipt út. Eftir stangarskiptin var sett niður að nýju og var kælt á undan krónu frá tæplega 1800 m dýpi. Klukkan 21 að kvöldi 8. desember var byrjað að bora aftur.

Borun hélt áfram með svipuðu álagi og áður. Klukkan 5:15 þriðjudaginn 10. desember var stoppað, þar sem grunur lék á að gat væri komið á stöng. Þrýstingur á dælum féll um 150 pund. Brugðist var við eins og áður. Hitamælt var inn í borstreng (mynd 8) til að sjá hve djúpt dæling utan með kældi holuna og einnig reynt að sjá á hvaða dýpi skemmdin væri. Hitamæling gaf til kynna að skemmdin væri á 796 m og var það staðfest þegar strengurinn var tekinn upp. Á mynd 9 er sá hluti hitamælingarinnar magnaður upp, sem sýndi brotið. Ekki þótti ástæða til að skoða strenginn neitt frekar og var krónan kominn niður og byrjað að bora aftur kl. 14:20. Álag var breytilegra en á undan eða 5-10 tonn. Borun lauk um hádegisbilið miðvikudaginn 11. desember 1991 og var dýpið þá 2127 m.

Eins og fram kemur í töflu 3 þá gekk borun nokkuð hratt ef frá er dreginn sá tími þegar dregið var úr álagi til að rétta holuna við.

Meðan á borun stóð var fylgst reglulega með skoli niður í og upp úr holunni. Magn skolvökva var mælt á fjögurra tíma fresti svo og mismunur á skolmagni og hita skols niður og upp holuna. Ennfremur var þrýstingur á dælum skráður samtímis mælingunum. Í töflu 4 eru niðurstöður mælinga og ennfremur eru mælingarnar teiknaðar upp með jarðlögum og borhraða á mynd 10. Vert er að geta nokkurra atriða er koma fram á mynd 10. Borhraði er hlutfallslega mestur niður í 1480 m dýpi. Þar koma nokkrir lekar, sem virðast þéttast að mestu aftur auk þess er mismunahiti á skoli hæstur á þessu dýptarbili. Neðan við 1480 m dregur verulega úr borhraða og eykst þá skoltap jafnt og þétt þar til ákveðnu marki er náð eða um 20 l/s. Um leið gerist það að mismunarahiti lækkar um meira en helming vegna meiri kælingar bergsins. Þess vegna er erfitt að meta hvort nýir lekastaðir eru að opnast þegar æðarnar sem áður voru að mestu þéttar af svarfi eru hægt og bítandi að opnast. Sennilega hefur heildarleiki ofan við 1480 m verið um 20 l/s.

Tafla 3. Gangur borunar.

Dagsetning	Borun (m)	Bortími (klst.)	Borhraði (m/klst.)	Tími á krónur (klst.)	Dýpi (m)
26. nóv. 1991	86,00	14,50	5,93	14,50	1.298,00
27. nóv. 1991	134,00	20,00	6,70	34,50	1.432,00
28. nóv. 1991	57,00	20,00	2,85	54,50	1.489,00
29. nóv. 1991	40,00	22,50	1,78	77,00	1.529,00
30. nóv. 1991	41,00	22,50	1,82	99,50	1.570,00
01. des. 1991	43,00	23,50	1,83	123,00	1.613,00
02. des. 1991	16,00	11,50	1,39	134,50	1.629,00
03. des. 1991	19,00	6,00	3,17	*6,00	1.648,00
04. des. 1991	72,00	22,50	3,20	28,50	1.720,00
05. des. 1991	65,00	21,50	3,02	50,00	1.785,00
06. des. 1991	75,00	21,50	3,49	71,50	1.860,00
07. des. 1991	70,00	22,50	3,11	94,00	1.930,00
08. des. 1991	20,00	7,00	2,86	101,00	1.950,00
09. des. 1991	79,00	22,00	3,59	123,00	2.029,00
10. des. 1991	59,00	14,00	4,21	137,00	2.088,00
11. des. 1991	39,00	11,50	3,39	148,50	2.127,00
	915,00	283,00	3,27	283,00	2.127,00

* Krónuskipti.

Tafla 4. Mælingar á skoli í borun.

Dagsetn.	Dýpi m	Prýstingur PSI	Dæla 2 slög	Dæla 2 l/s	Skoltap cm í kari	Skoltap l/s	Skol upp °C	Skol niður °C	Mismunur °C
26.11.91	1223	750	48	32,11	11	3,8	34,0	22,0	12,0
26.11.91	1241	760	48	32,11	11	3,8	33,0	21,0	12,0
26.11.91	1263	770	48	32,11	14	4,8	33,0	21,0	12,0
26.11.91	1290	800	46	30,77	9	3,1	34,0	22,0	12,0
27.11.91	1310	800	46	30,77	24	8,2	34,0	23,0	11,0
27.11.91	1331	850	50	33,45	10	3,4	34,0	22,0	12,0
27.11.91	1355	800	50	33,45	7	2,4	33,0	21,0	12,0
27.11.91	1368	810	50	33,45	7	2,4	33,0	22,0	11,0
27.11.91	1397	810	50	33,45	8	2,7	33,0	21,0	12,0
27.11.91	1424	850	48	32,11	30	10,3	34,0	21,0	13,0
28.11.91	1432	950	50	33,45	15	5,1	34,0	21,0	13,0
28.11.91	1447	800	50	33,45	12	4,1	34,0	22,0	12,0
28.11.91	1470	850	48	32,11	13	4,4	34,0	21,0	13,0
28.11.91	1483	830	52	34,79	20	6,8	31,0	22,0	9,0
28.11.91	1487	800	46	30,77	26	8,9	33,0	22,0	11,0
29.11.91	1490	800	46	30,77	32	10,9	34,0	22,0	12,0
29.11.91	1494	800	48	32,11	28	9,6	32,0	21,0	11,0
29.11.91	1500	800	48	32,11	32	10,9	28,0	23,0	5,0
29.11.91	1510	800	48	32,11	34	11,6	28,0	22,0	6,0
29.11.91	1519	780	48	32,11	36	12,3	28,0	22,0	6,0
29.11.91	1527	800	48	32,11	38	13,0	26,0	21,0	5,0
30.11.91	1533	800	46	30,77	40	13,7	27,0	21,0	6,0
30.11.91	1540	800	48	32,11	42	14,4	27,0	20,0	7,0
30.11.91	1544	780	48	32,11	48	16,4	23,0	18,0	5,0

Dagsetn.	Dýpi m	Prýstingur PSI	Dæla 2 slög	Dæla 2 l/s	Skoltap cm í kari	Skoltap l/s	Skol upp °C	Skol niður °C	Mismunur °C
30.11.91	1552	880	52	34,79	44	15,0	23,0	18,0	5,0
30.11.91	1560	950	52	34,79	46	15,7	22,0	17,0	5,0
30.11.91	1567	800	46	30,77	45	15,4	24,0	18,0	6,0
01.12.91	1573	850	46	30,77	42	14,4	23,0	18,0	5,0
01.12.91	1578	950	48	32,11	42	14,4	22,0	17,0	5,0
01.12.91	1586	970	52	34,79	55	18,8	28,0	23,0	5,0
01.12.91	1595	950	52	34,79	52	17,8	25,0	19,0	6,0
01.12.91	1602	1000	52	34,79	50	17,1	23,0	18,0	5,0
01.12.91	1608	1000	50	33,45	42	14,4	24,0	20,0	4,0
02.12.91	1614	1000	52	34,79	46	15,7	23,0	18,0	5,0
02.12.91	1619	1000	52	34,79	48	16,4	23,0	17,0	6,0
02.12.91	1623	1000	52	34,79	50	17,1	21,0	16,0	5,0
03.12.91	1630	1000	52	34,79	54	18,5	23,0	20,0	3,0
03.12.91	1641	1000	52	34,79	62	21,2	23,0	19,0	4,0
04.12.91	1652	1000	52	34,79	60	20,5	22,0	16,0	6,0
04.12.91	1663	1000	50	33,45	57	19,5	25,0	20,0	5,0
04.12.91	1674	1000	52	34,79	50	17,1	26,0	22,0	4,0
04.12.91	1686	900	48	32,11	46	15,7	28,0	25,0	3,0
04.12.91	1702	1050	50	33,45	46	15,7	28,0	24,0	4,0
04.12.91	1714	1000	52	34,79	48	16,4	27,0	23,0	4,0
05.12.91	1722	1000	52	34,79	50	17,1	26,0	23,0	3,0
05.12.91	1739	1000	52	34,79	52	17,8	24,7	23,4	1,3
05.12.91	1752	1000	50	33,45	48	16,4	26,3	23,5	2,8
05.12.91	1765	1000	50	33,45	40	13,7	25,8	21,2	4,6
05.12.91	1777	1000	52	34,79	62	21,2	23,5	20,5	3,0
06.12.91	1788	1000	52	34,79	50	17,1	25,0	23,7	1,3
06.12.91	1799	1000	52	34,79	48	16,4	26,6	22,6	4,0
06.12.91	1816	1000	50	33,45	46	15,7	24,0	20,0	4,0
06.12.91	1830	980	48	32,11	42	14,4	24,6	20,5	4,1
06.12.91	1844	1000	50	33,45	52	17,8	24,2	20,6	3,6
06.12.91	1853	1000	50	33,45	43	14,7	23,0	18,8	4,2
07.12.91	1863	1000	50	33,45	52	17,8	24,1	18,0	6,1
07.12.91	1873	1000	52	34,79	54	18,5	22,6	19,5	3,1
07.12.91	1886	1000	50	33,45	54	18,5	21,8	17,4	4,4
07.12.91	1899	1000	48	32,11	46	15,7	24,6	21,3	3,3
07.12.91	1912	1000	48	32,11	46	15,7	22,3	18,5	3,8
07.12.91	1923	1000	50	33,45	48	16,4	22,3	17,9	4,4
08.12.91	1935	1000	52	34,79	50	17,1	21,5	17,6	3,9
08.12.91	1943	1000	51	34,12	55	18,8	21,2	17,7	3,5
08.12.91	1944	1050	50	33,45	84	28,7	18,7	16,0	2,7
09.12.91	1954	1000	50	33,45	59	20,2	21,2	18,2	3,0
09.12.91	1965	1000	48	32,11	60	20,5	21,8	19,0	2,8
09.12.91	1983	1000	48	32,11	58	19,8	26,3	23,2	3,1
09.12.91	1995	1050	50	33,45	56	19,2	21,9	18,8	3,1
09.12.91	2007	980	48	32,11	54	18,5	27,1	24,5	2,6
09.12.91	2020	1000	50	33,45	52	17,8	25,6	22,0	3,6
10.12.91	2034	1000	50	33,45	50	17,1	24,5	21,7	2,8
10.12.91	2048	1000	52	34,79	79,2	58	19,8	70,5	
10.12.91	2060	1000	48	32,11	70	23,9	21,8	18,9	2,9
11.12.91	2088	1020	50	33,45	60	20,5	21,0	17,2	3,8
11.12.91	2103	1000	48	32,11	52	17,8	22,3	19,9	2,4
11.12.91	2120	1000	48	32,11	54	18,5	21,6	18,9	2,7

Eftir að borun lauk 11. desember var holan skoluð og hreinsuð fram að hitamælingu kl.16. Þá mældist skoltap aðeins um 28 l/s og því talið nauðsynlegt að gera á henni örvunaraðgerðir til að opna holuna betur út í jarðhitakerfið. Áætlun þar um var á þessa leið:

- Upphitun í 10 - 20 klst.
- Kæling í gegnum borstreng í 2 - 4 klst.
- Skoltap mælt og árangur metinn.
- Ákveðið hvort örvunaraðgerð verði endurtekin.

Dæling var tekin af kl 19:30 og fylgst með vatnsborði til að byrja með, en síðan var holan hitamæld í tvígang. Fyrst kl. 21:30-22 og síðan kl. 24:01. Niðurstöður mælinganna eru sýndar á mynd 11. Þar sést hve upphitun er hröð fyrstu 2 tímanna en hægir síðan verulega á. Því var ákveðið að byrja að kæla strax eftir seinni hitamælinguna og var kælt í tvær stundir. Ekkert skolvatn kom upp meðan á kælingu stóð og var dælt niður 36-38 l/s. Að því loknu var örvunaraðgerðin endurtekin. Dæling var tekin af kl. 3 og holan hituð upp fram til kl. 9 um morguninn og síðan kæld niður fram til kl. 12:10, en þá var sett á utanádæling og tók holan þá við 38-40 l/s. Holan var hitamæld eins og sést á mynd 12 og eru litlar breytingar sjáanlegar neðan 1700 m dýpis eftir örvunaraðgerðir. Fylgst var með vatnsborðslækkun fyrst eftir að dæling var tekin af kl 13:25 og virtist holan lítið hafa skánað. Hún var látin hitna upp í þriðju atrennu til kl. 19:35 eða í rúma 6 klst. Dælt var í gegnum strenginn til kl. 11 daginn eftir, en þá var utanádæling sett á og hitamælt (mynd 13). Enginn afgerandi árangur fékkst með þessum aðgerðum, en skoltap jókst úr 28 l/s í 36 l/s. Til að binda endahnútinn á þessa aðgerð var ákveðið að halda dælingu áfram í gegnum borstreng fram á nótt.

Klukkan 4 föstudaginn 13. desember var byrjað að taka upp og var því lokið kl. 18 sama dag. Krónan sýndi eðlilegt slit eftir 148,5 klukkustunda borun, en stýringar voru all slitnar. Þá fór í hönd mælingaprógram þar sem mældir voru helstu þættir jarðlaga og gerðar þær mælingar sem eingöngu er hægt að koma við í ófóðruðum hluta holu. Nánar er fjallað um mælingarnar í kaflanum um mælingar hér á eftir, en þær hófust með hitamælingu og enduðu sömuleiðis með hitamælingu. Niðurstöður þeirra mælinga eru sýndar á mynd 14 og skal tekið fram að allan tímann runnu á holuna um 36 l/s. Eftir mælingarnar var ljóst að þrátt fyrir að árangur örvunaraðgerða hafi verið talinn óverulegur var ljóst að einhver smá leki færi alla leið niður í botn holunnar. Mælingum lauk kl. 4 aðfaranótt laugardagsins 14. desember.

Fóðrun holunnar með niðursetningu 7" leiðara hófst strax þar á eftir og var byrjað að slaka honum niður milli kl.15 og 16 á borstöngum. Um kl. 18, þegar fóðringarskór var á um 1960 m dýpi, þá kom í ljós fyrirstaða og vildi leiðarinn ekki lengra niður. Eftir nokkrar tilraunir og vangaveltur risfjaldist það upp að eitt rör í 9 5/8" fóðringunni hafði verið þrengra en önnur. Það var kannað betur og kom þá á daginn að hengistykki leiðarans var nákvæmlega á þeim stað í holunni eða á mótis við 77. rör vinnslufóðringarinnar (sjá töflu 1). Leiðarinn var því hífður upp í drifborð og hengistykkið tekið af og annað toppstykki sett á hann í staðinn. Nokkrir millimetrar höfðu verið renndir utan af því til að koma því örugglega niður. Á miðnætti fóru skiptin á toppstykki leiðarans fram og um kl. 6 aðfaranótt sunnudagsins 15. desember var leiðarinn kominn niður á sinn stað og stóð hann á botni. Nánari upplýsingar um leiðarann er að finna í fóðrunarskýrslu í töflu 5. Eftir að leiðaranum hafði verið komið fyrir voru stangir teknar upp og lagðar út á rekka, að frátöldum um 300 m sem nota átti við þrepaðælingu.

Á hádegi hófst þrepaðæling og eru henni gerð nánari skil í samnefndum kafla hér á eftir. Þrepaðælingu lauk með hitamælingu (mynd 15) kl. 22:40. Að lokinni þrepaðælingu voru stangir teknar upp og lagðar út á rekka. Á mánudeginum 16. desember var unnið við flutning borsins, en um kvöldið var notað tækifæri til þess að hitamæla eftir um sólarhrings upphitun (mynd 15). Athyglisvert er hve hæg upphitun var neðan 1500 m dýpis, sem bendir til þess að örvunaraðgerðir hafi haft einhver áhrif. Síðasti verkdagur holunnar var miðvikudagurinn 18. desember og var það jafnframt 40. verkdagur í 3. áfanga eins og fram kemur á mynd 1.

Sú ákvörðun var tekin í verklok að láta holuna hitna upp fram yfir jól en kæla hana síðan með vatnsveitunni. Gert var ráð fyrir að holan hitnaði upp í 10 daga eða fram á 27. desember síðan kæmi til kæling í álíka langan tíma eða í 10 daga. Látið var renna á holutoppinn allt tiltækt vatn vatnsveitunnar eða eins og holan leyfði. Dælingin og þá um leið kælingin var stöðvuð 10. janúar 1992. Þessi aðgerð var hugsuð sem viðbótar örvunaraðgerð, þar sem sýnt var að einhver leki var niður undir botn og því mikilvægt að opna hann betur ef það væri mögulegt. Aðgerð af þessu tagi hafði ekki verið reynd áður, þar sem holur hafa venjulega verið látnar hitna upp frá þeim tíma að borinn hættir að dæla á þær. Það sýndi sig fljótlega að holan hafði opnast betur því hún tók við öllu tiltæku vatni og hefði tekið við meiru ef marka mátti af söginu sem myndaðist við holutoppinn. Nánar verður gerð grein fyrir þessum þætti í kaflanum um þrepaðælingu og síðar í skrifum um upphitun, upphleypingu og blástur.

Tafla 5. Fóðrunarskýrsla 7" fóðringar

ORKUSTOFNUN
JARDBORANIR RÍKISINS

FÓÐRUNARSKÝRSLA

Dofra

VERK NR.	HOLA NR.	BORSTAÐUR		VERKKAUPI
830	KG-26	Krafla		Landsvirkjun
VIÐD HOLU	DÝPT HOLU	FÓÐRING NR.	FÓÐRUN FRAMKV. DAGS.	ÚTFYLLT
8 1/2"	2127,4	4	1991.12.14.-15.	1991.12.15. D.Sig.

FJARLÆGD KJALLARABRÚN — KRAGI		2,60 m	
FÓÐRING	PVERM. UTAN 7"	INNAN	159,4 mm.
	GERÐ K-55 (flesta)	ÞYNGD	26 lbs/ft
	TENGI Skrífuð	Buttress	
	NOTAÐ 952,98	m	FRÁ KRAGA 2111,83 m
	KRAGI (FLANGS) Sleppitoppur í		1157,99 m
	SKÓR VEG Stýriskór		
MÍÐJUST.	stk.	STEYPUT.	stk.
STEYPU	SEMENT		kg
	SEMENT		kg
	ÍBL.EFNI		kg
	ÍBL.EFNI		kg
	TAFÆFNI	kg	EÐLISP. STEYPU
	STEYPUTÆKI		
	STEYPUINGARTÍMI		mín
	EFTIRDELING. MAGN		I TÍMI mín
	STEYPA KOM UPP	<input type="checkbox"/> JÁ	<input type="checkbox"/> NEI
	DÝPI Á STEYPU UTAN RÖRA		m
FRÁGANGUR	STEYPT UTAN MEÐ EFTIR		h
	SEMENT	kg	ÍBL.EFNI kg
	SKORIÐ OFAN AF EFTIR		h
	STEYPA BORUD EFTIR		h
	DÝPI Á STEYPU Í RÖRI		m
VERKTÍMI RÖR	STEYPA	TOPPUR	TAFIR ALLS
h 15,5			8,5 30,0
ATH. Til stóð að hengja fóðringuna un 20 m. ofar en upphengjan slapp ekki í gegn um þikka rörið (sjá fóðring nr. 3) svo tekið var upp aftur, upphengjan tekin úr og settur sleppitoppur í staðinn. Fóðringin stendur því á 5 m. hrúni í holubotni.			
r aftan númeris merkir raufað rör.			

RÖRATALNING		
LENGD	NR ¹⁾	ALLS m
	Sleppi toppur	1157,99
1,03		1159,02
12,73	1	1171,75
12,63	2	1184,38
12,65	3	1197,03
12,37	4	1209,40
10,05	5 r	1219,45
12,47	6	1231,92
10,62	7 r	1242,54
12,82	8	1255,36
11,13	9 r	1266,49
12,53	10	1279,02
13,10	11 r	1292,12
12,58	12	1304,70
12,25	13 r	1316,95
12,58	14	1329,53
11,65	15 r	1341,18
12,54	16	1353,72
13,42	17 r	1367,14
12,52	18	1379,66
11,74	19 r	1391,40
11,89	20	1403,29
12,69	21 r	1415,98
12,68	22	1428,66
11,18	23 r	1439,84

05.82 20x30FDH

